



# SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

## Ársskýrsla 2025

### Inngangur

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfa tveir starfsmenn í fullu starfi, skólastjóri og verkefnisstjóri. Auk þeirra koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) og ber framkvæmdastjórn SAk ábyrgð á daglegum rekstri skólans.

Á árinu 2025 voru haldin 62 námskeið (voru 54 árið 2024) og var heildarfjöldi þátttakenda 682 (voru 572 árið 2024). Grunnnámskeið í sjúkraflutningum EMT voru 8 með 90 þátttakendum, framhaldsnámskeið í sjúkraflutningum (lotur) AEMT voru alls 17 með 155 þátttakendum, námskeið í vettvangshjálpi EMR voru 11 með 139 þátttakendum og endurmenntunar- og önnur námskeið voru 25 með 298 þátttakendum.




## Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna.

Nám sjúkraflutningamanna á Íslandi er annars vegar grunnnám (EMT) sem er 260 tíma nám og framhaldsnám (EMT-Advanced) sem er 413 tíma nám. Nemendur fá starfsleyfi að loknu grunnnámi og geta þá hafið störf sem sjúkraflutningamenn. Bæði grunnhluti og framhaldshluti námsins, byggjast á viðmiðum úr kennsluskrá sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálpi (Emergency First Responder) byggt á sama staðli og EMT námið og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálpi en allir lögreglunemar taka 40 tíma nám í vettvangshjálpi og útskrifast sem vettvangsliðar.

## Útskrift Sjúkraflutningaskólans.

Stór útskriftarhátíð var haldin í Flugsafninu á Akureyri 30. maí 2025. Vel var mætt og flutt voru ávörp skólastjóra, nemenda og leiðbeinenda auk tónlistaratriða og einnig boðið upp á góðar veitingar. Útskrifaðir voru 230 nemendur eftir skólaárið 2024-2025. Þar af fengu 89 grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn EMT, 33 útskrifuðust með framhaldsmenntun AEMT og 108 vettvangsliðar EMR.



The screenshot shows a website layout with four main content blocks, each with a representative image and a 'MEIRA' button:

- GRUNN- OG FRAMHALDSMENN TUN**: Image of an ambulance. Text: "Grunnnám í sjúkraflutningum er 260 tíma nám sem tekur nú um 5-7 vikur og lýkur með bóklegu og verkefnum. Eftir það er hægt að sækja..."
- ENDURMENNTUN**: Image of a person being trained. Text: "Með markmiðið er að nemendur viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar og auki við..."
- VETTvangSHJÁLPI**: Image of emergency responders. Text: "Sjúkraflutningaskólinn býður upp á fjölda námskeiða fyrir starfsfólk í bráðgjöfnu. Vettvangshjálpi (First Responder) er 40 tíma..."
- ERC NÁMSKEIÐ**: Image of a classroom. Text: "Skólinn býður upp á fjölda námskeiða í samvinnu við Evrópska endurlifunarráðið (ERC) og Endurlifunarráð Íslands. Námskeiðin eru..."

Forsíða heimasíðu skólans [www.ems.is](http://www.ems.is)

## Starfsfólk og nefndir skólans

**Skólastjóri:** Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans. Skólinn heyrir undir framkvæmdastjóra lækninga, Ragnheiði Halldórsdóttir.

**Verkefnisstjóri:** Sigurjón Valmundarson starfar sem verkefnisstjóri og staðgengill skólastjóra.

**Umsjónarmaður búnaðar:** Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans auk fleiri starfa við yfirlestur og umsagnir starfsþjálfunarskýrslna, ýmiskonar aðstoð við framkvæmd námskeiða og annara verka. Auk hans sjá Aron Rúnarsson um búnað á suðursvæði landsins og Eydís Sigurgeirsdóttir um búnað á norðursvæði.

**Yfirkennari EMT:** Kjartan Kárason var skipaður yfirkennari EMT námsins til eins árs frá okt 2024 og vannur það sem hlutastarf sem verktaki.

### Fagråd Sjúkraflutningaskólans:

Fagråd Sjúkraflutningaskólans var ekki virkt á árinu en umjónarmenn og starfsmenn fóru með verkefni þess.

### Inntökunefnd:

Skólastjóri og verkefnisstjóri ásamt fulltrúa úr Fagráði skipa inntökunefnd skólans.

### Fagråd sjúkraflutninga:

Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi. Skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga. Einn bókaður fundur var hjá ráðinu á árinu.

### Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlandi eystra:

Skólastjóri og verkefnisstjóri sitja í Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlands eystra (AST) fyrir hönd SAK.

### Vinnuhópur um gerð námskrár fyrir flutning náms í almenna skólakerfið

Skólastjóri sat í vinnuhóp sem hafði það markmið að leggja drög að námskrá fyrir nýtt nám í sjúkraflutningum í almenna skólakerfinu. Nefndin skilaði af sér 1. september 2025.


### Vinnuhópur um Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan heilbrigðisstofnana 2026-2030.

Skólastjóri sat í vinnuhópi um endurskoðun á Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan heilbrigðisstofnana 2026-2030 sem skilaði af sér tillögum til ráðherra í desember 2025.


## Námskeið

Haldin voru 62 námskeið á árinu 2025 og voru þátttakendur samtals 682. Á árinu voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2) (fjöldi 2024 í sviga).

**Myndrit 1**  
**Tegundir og fjöldi námskeiða**



**Myndrit 2**  
**Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans**



**Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT)** er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka rétt til að sækja um löggildingu sem sjúkraflutningamenn. Á árinu 2024 voru haldin **átta (9)** grunnnámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi með samtals **100** nemendum. Eitt staðarnámskeið var haldið í Reykjavík, með 10 nemendum fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Streymisnámskeið voru sjö, þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslukerfið en verklegar lotur voru á Akureyri (tveir hópar 17 nemendur), Fáskrúðsfirði (einn hópur 5 nemendur), Sandgerði (tveir hópar 27 nemendur) og Selfoss (tveir hópar 31 nemendur). Bæði er boðið upp á námskeið á vorönn og haustönn.

**Framhaldsnám sjúkraflutninga (EMT-Advanced)** Framhaldsnámið er 413 klst nám sem veitir sjúkraflutningamönnum aukna færni og aukin réttindi. Náminu er skipt niður í fjórar lotur, auk lokafærnimats, þannig að nemendur geta ráðið hraðanum á náminu, þó er miðað við að námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Allar lotur voru kenndar á árinu, alls voru **sautján (15)** námskeið í lotunáminu með 155 nemendum samtals, þar með talið eitt lokafærnimat þar sem nemendur fara í gegnum mat á öllum þáttum framhaldsnámsins sem þeir þurfa að standast til að geta útskrifast. Í **lotu 1** voru kennd þrjú námskeið, tvö í Sandgerði og eitt í Reykjavík með samtals 53 nemendum. Í **lotu 2** voru fjögur námskeið, eitt í Reykjavík, tvö í Sandgerði og eitt á Akureyri, samtals 33 nemendur. Í **lotu 3** voru tvö námskeið, eitt í Reykjavík og eitt á Akureyri með samtals 26 nemendum. Í **lotu 4** voru þrjú námskeið, Reykjavík, Sandgerði og Ísafirði með samtals 32 nemendum. Lokafærnimat var haldið fimm sinnum á Akureyri, Sandgerði, Reykjavík og Ísafirði fyrir 33 nemendur.

**Vettvangshjálparnámskeið (First Responder)** Um er að ræða **40 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir eða aðrir skipulagðir viðbragðsaðilar. Haldin voru **ellefu (10)** námskeið í Vettvangshjálparnámskeið með samtals **139** þátttakendum. Sjö námskeið voru haldin fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri með 91 þátttakendum, eitt námskeið voru fyrir Securitas sem þjónusta neyðarhnappa með 14 þátttakendum, eitt fyrir Slökkvilið Grýtubakkahrepps og vettvangsliða á Skagaströnd með 10 þátttakendum, eitt fyrir vettvangsliða í Hrísey með 11 þátttakendum og eitt fyrir Brunavarnir Vestur Húnavatnssýslu með 12 þátttakendum.

**Endurmenntunar- og sérnámskeið** fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangsliða og aðra viðbragðsaðila voru **26** með samtals **298** þátttakendum. Þar af voru 4 ILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun 1) með 36 nemendum, haldin á Egilsstöðum, Sandgerði, Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum EPILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun barna 1) voru sjö með samtals 96 þátttakendum, eitt í Sandgerði, Akureyri, Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði og Dalvík. ALS (Sérhæfð endurlífgun 2) var haldið haldið tvisvar á Egilsstöðum með samtals 22 þátttakendum. EPALS (Sérhæfð endurlífgun barna 2) var haldið einu sinni í Sandgerði fyrir BS og HSS. ILS endurmenntun voru 10, haldin á Akranesi fyrir HVE (7 námskeið) eitt námskeið var á Patreksfirði og tvö á Ísafirði. ALS endurmenntun var haldin á Egilsstöðum, tvö námskeið með samtals 19 þátttakendum. Almenn endurmenntun var haldin fyrir viðbragðsaðila á Þórshöfn samtals 12 þátttakendum.

## Lokaorð

Starfsemi skólans hefur verið í nokkru jafnvægi sl. ár hvað varðar fjölda í grunn og framhaldsnámi en nokkur fjölgun hefur orðið í fjölda nema í vettvangshjálp og endurmenntun. Auk lögreglunema hefur orðið nokkur fjölgun í hópi hlutastarfandi slökkviliða sem taka vettvangshjálp fyrir sitt fólk. Endurmenntun er fyrst og fremst í endurlífgunarnámskeiðum ERC en segja má að skólinn sinni heilbrigðisstarfsfólki utan höfuðborgarsvæðisins og SAK, þ.e. heilbrigðisstofnanna annarra en HSU sem hefur sjálf séð um sína endurmenntun.

Árið 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að móta stefnu um sjúkraflutninga og leggja fram tillögu að framtíðarfyrikomulagi sem tryggir góða heildstæða þjónustu á landsvísu. Hópurinn skilaði ráðherra tillögu að stefnu í bráðaðþjónustu og sjúkraflutningum og tillögu að miðstöð um bráðaðþjónustu og sjúkraflutninga og drögum að þjónustuviðmiðum í byrjun árs 2020. Í framhaldinu var unnin og gefin út aðgerðaáætlun til fimm ára sem byggð var á vinnu og niðurstöðu hópsins sem gildi til ársloka 2025.

Í aðgerðaráætluninni var kafli þar sem kanna skyldi hvort nám sjúkraflutningamanna eigi heima í almenna skólakerfinu eins og menntun annarra heilbrigðisstarfsmanna og október 2023 var skólanum tilkynnt tillögur heilbrigðisráðherra til mennta- og barnamálaráðherra um að nám sjúkraflutningamanna fari í almenna skólakerfið frá og með haustinu 2024. Haldinn var fundur með aðilum málsins í febrúar 2024 og niðurstaða hans var að ekki væri raunhæft að flytja námið fyrr en haustið 2025 þar sem vinna þyrfti námskrá og útfæra námið og hvað yrði hlutverk skólakerfis og hvað yrði hlutverk núverandi Sjúkraflutningaskóla. Í október var síðan skipuð nefnd sem hefur það verkefni að „kortleggja og búa til sameiginlega námsbraut“. Verkefnisskil voru 1. september 2025. Ekki varð frekari vinn á árinu 2025 og því ljóst að ekki verða breytingar á náminu 2026.

Á árinu 2025 sat skólastjóri í vinnuhópi sem vann að endurskoðun á umræddri aðgerðaráætlun (2025-2030) og skilaði tillögum til ráðherra 1. desember. Ýmsar áhugaverðar hugmyndir eru í áætluninni og ljóst að skólanum er áfram ætlað mikilvægt hlutvert í menntunarmálum í bráðaðþjónustu í komandi framtíð.

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkir eru færðar rekstraráðilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Slökkviliðinu í Fjarðarbyggð, Landsspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Endurlífgunarráð Íslands og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK fá þakkir fyrir gott samstarf. Umsjónarmenn, verkefnisstjórar og leiðbeinendur námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum og nemendum gott og farsælt samstarf á árinu 2025.

Ingimar Eydal  
Skólastjóri